

**3537. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtudaginn 29. júní 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Guðný J. Ólafsdóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

- 1. 2301003 - Fundargerðir 2023 - velferðar- og mannréttindaráð**  
206. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 20. júní 2023.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 2. 2301005 - Fundargerðir 2023 - skipulags- og umhverfisráð**  
269. fundargerð bæjarráðs frá 19. júní 2023.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 3. 2301017 - Fundargerðir 2023 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands og fylgiskjöl**  
181. fundargerð heilbrigðisnefndar frá 8. maí 2023.  
182. fundargerð heilbrigðisnefndar frá 12. júní 2023.  
183. fundargerð heilbrigðisnefndar frá 14. júní 2023.  
*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*
- 4. 2303155 - Aðalfundur 2023 - Heilbrigðiseftirlits Vesturlands**  
Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 22. mars 2023.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 5. 2301018 - Fundargerðir 2023 - Faxaflóahafnir**  
231. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 19. apríl 2023.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 6. 2306093 - Aðalfundur Faxaflóahafna sf. 30. júní 2023**  
Aðalfundarboð Faxaflóahafna föstudaginn 30. júní 2023 kl. 14:00 í fundarsal á 3. hæð í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, Reykjavík.  
*Fundarboð og fylgigögn lögð fram til kynningar.*  
*Bæjarráð samþykkir að Haraldur Benediktsson bæjarstjóri sækji aðalfundinn og fari með atkvæðarétt kaupstaðarins.*  
*Bæjarráð tilnefnir jafnframt aðalmann Guðmund Ingpór Guðjónsson í stjórn Faxaflóahafna og varamann Ragnar B. Sæmundsson.*

*Bæjarráð styður tilnefningu Páls S. Brynjarssonar sem óháðs aðalmanns í stjórn.*

**7. 2301019 - Fundargerðir 2023 - Orkuveita Reykjavíkur**

333. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 27. mars 2023.

334. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 24. apríl 2023.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

**8. 2301031 - Fundargerðir 2023 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar**

926. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. maí 2023.

929. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 9. júní 2023.

930. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15. júní 2023.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

**9. 2306090 - Aðalfundur Grundartanga ehf þróunarfélags**

Aðalfundarboð frá Þróunarfélagi Grundartanga ehf. ásamt ársskýrslu og ársreikningi.

Tillaga um stjórnarmann og annan til vara.

*Bæjarráð samþykkir að Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri sækji aðalfundinn og fari með atkvæðarétt kaupstaðarins.*

*Bæjarráð óskar eftir að fá fulltrúa frá Þróunarfélagi Grundartanga á fund bæjarráðs.*

*Bæjarráð tilnefnir Ólaf Adolfsson sem aðalmann í stjórn þróunarfélagsins.*

**10. 2306142 - Ímynd Vesturlands - skýrsla**

Kynning á niðurstöðum í skýrslu um Ímynd Vesturlands.

*Lagt fram.*

**11. 2306091 - Aggapallur - leiga**

Umsókn um leigu á Aggapalli undir sölu á heilsusamlegum bita.

*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.*

*Samþykkt: 3:0*

**12. 2306070 - Umsókn um lóð á grænum iðngörðum**

Umsókn um lóð á Grænum Iðngörðum.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Lækjarflóa 24 til Vélsmiðju*

*Grundarfjarðar.*

*Samþykkt: 3:0*

**13. 2306147 - Báran brugghús - umsókn um sölu áfengis á framleiðslustað**

Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar Bárunnar brugghús ehf. Bárugötu 21 Akranesi, sem óskar eftir leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað.



*Valgarður Jónsson víkur af fundi undir þessum lið.  
Bæjarráð veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Bárunnar brugghús ehf.  
Samþykkt 2:0*

**14. 2305162 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2023**

Launaviðauki vegna endurútreiknings á launum.

*Kristjana H. Ólafsdóttir mætti á fundinn og kynnti launaviðaukann.  
Afgreiðslu frestað.*

**15. 2306055 - Lopapeysan - Írskir dagar 2023 - tækifærisleyfi**

Samantekt vegna úrbóta á undirbúningi og framkvæmd á Lopapeysunni.

*Bæjarráð óskaði eftir að teknar væru saman þær úrbætur sem lagðar voru til á fundi hagsmunaaðila.*

*Bæjarráð þakkar samantektina og ítrekar að allir hagsmunaaðilar ræði saman í kjölfar viðburðarins og meti hvernig til tókst.*

*Samþykkt: 3:0*

**16. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar**

Tillaga að aðferðafræði við frumhönnun á skipulagi svæðisins og fyrirkomulag vinnu því tengt.

*Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi mættu á fundinn og kynntu tillögu að aðferðafræði við frumhönnun á skipulagi Jaðarsbakkasvæðisins og vinnu.*

*Bæjarráð samþykkir að aðferðafræði við hönnun deiliskipulags fyrir Jaðarsbakka verði á þá leið að Akraneskaupstaður og Ísold velja saman þrjár arkitektastofur til að vinna hver sína frumhönnun svæðisins. Hlutur Akraneskaupstaðar í kostnaði vegna frumhönnunar stofanna er 50% á móti Ísold í samræmi við viljayfirlýsinguna.*

*Akraneskaupstaður (Skipulags- og umhverfisráð) í samráði við Ísold, ÍA og KFÍA velji eina af þremur hugmyndum að frumhönnun til að vinna með áfram í deiliskipulagsvinnunni. Samráð verði byggt á grunni viljayfirlýsingar um uppbyggingu á Jaðarsbökkum.*

*Samþykkt: 3:0.*

**17. 2304021 - Starfshópur um framtíðarpörf leikskólaplássna á Akranesi**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. mars sl. að stofna starfshóp til að meta stöðuna og vinna tillögur að mögulegum lausnum í húsnæðismálum leikskóla á Akranesi. Hópnum var falið að gera þarfagreiningu á stöðunni í dag og leggja fram áfangaskiptar tillögu að lausnum til lengri og skemmri tíma.

Starfshópurinn hefur lokið vinnu sinni og skilað inn minnisblaði með tillögum o.fl. Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri mætti á fund bæjarráðs og kynnti niðurstöðurnar.

*Bæjarráð leggur til að starfshópurinn haldi áfram sinni vinnu og kynni í framhaldinu niðurstöður sínar fyrir skóla- og frístundaráði og skipulags-og umhverfisráði.*

*Samþykkt: 3:0.*

**18. 2202102 - Hinsegin Vesturland 2022 - fræðslusamningur o.fl.**

Fyrirhugaður fræðslusamningur milli Samtakana '78 og Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Samtökin '78 um fræðslu og ráðgjöf og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að ganga frá samningi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.**

Lifhórusdóttir

Ólafur S. Þorsteinsson  
Ragnar Samundsson

Haraldur Þorsteinsson  
Guðný J. Ólafsdóttir